

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2020  
Tilvísun: 202011059 / 2.5

---

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum

---

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til Skipulagsstofnunar 18. nóvember sl. þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, 275. mál.

Skipulagsstofnun styður þær tillögur sem frumvarpið felur í sér varðandi raflínuskipulag og landfræðilega gagna- og samráðsgátt. Stofnunin hefur eftirfarandi ábendingar fram að færa um frumvarpið:

### 1., 2. og 7. gr. frumvarpsins (um vísun til kerfisáætlunar)

Í 1., 2. og 7. gr. frumvarpsins er vísað til staðfestrar kerfisáætlunar.

Samkvæmt raforkulögum er kerfisáætlun háð samþykki en ekki staðfestingu Orkustofnunar. Með vísun til þess og að hugtakið staðfesting tengt afgreiðslu áætlana hefur tiltekna merkingu í skipulagslögum leggur Skipulagsstofnun til að gerð verði breyting á orðalagi í umræddum greinum frumvarpsins þar sem vísað er til kerfisáætlunar.

### 7. gr. frumvarpsins (um afgreiðslu raflínuskipulags)

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að þegar frestur til athugasemda er liðinn skuli raflínunefnd fjalla um tillögu að raflínuskipulagi á nýjan leik og taka afstöðu til umsóknar um framkvæmdaleyfi.

Skipulagsstofnun bendir á að á þessu stigi í ferlinu liggur ekki fyrir umsókn um framkvæmdaleyfi eða er tímabært að taka afstöðu til leyfisumsóknar. Það er gert þegar raflínuskipulag hefur tekið gildi með staðfestingu ráðherra og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Skipulagsstofnun leggur því til að vísun til umsóknar um framkvæmdaleyfi falli brott og að ný 1. mgr. 11. gr. d. hljóði svo (sem er sama orðalag og var lagt til í drögum að frumvarpinu, þegar þau voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda):

„Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal raflínunefnd fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til þess á grundvelli niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum hvaða valkostur skuli valinn og að hvaða skilyrðum uppfylltum.“

#### **4., 13. og 14. gr. frumvarpsins (um kostnað við gerð raflínuskipulags)**

Samkvæmt 4. og 13. gr. frumvarpsins skal kostnaður við gerð raflínuskipulags og eftirlit með framkvæmdum greiddur af framkvæmdaraðila. Í 14. gr. segir hins vegar að raflínunefnd sé heimilt að innheimta kostnað vegna skipulagsvinnu nefndarinnar af framkvæmdaraðila. Hér virðist vera misræmi, þar sem ýmist er talað um skyldu eða heimild.

Skipulagsstofnun leggur til að c-liður 14. gr. hljóði svo: „Raflínunefnd innheimtir kostnað vegna skipulagsvinnu nefndarinnar af framkvæmdaraðila.“

#### **15., 16. og 25. gr. frumvarpsins (um aðgengileika skipulagstillagna)**

Í 15. gr. 16. gr. og 4. tölul. 25. gr. er lagt til að orðunum „og vera aðgengileg á netinu“ verði bætt við tilteknar málsgreinar í skipulagslögum. Um er að ræða breytingar á málsgreinum sem fjalla annarsvegar um það hvernig skuli auglýst að tilteknar skipulagstillögur liggi fyrir til kynningar og hinsvegar um það hvar og hvernig skipulagstillögurnar sjálfar skulu vera aðgengilegar fyrir almenning. Með tilliti til skýrleika leggur Skipulagsstofnun til að tilvitnuðu orðin verði færð í sérmálsliði. Þannig leggur stofnunin til eftirfarandi:

1. og 2. ml. 24. gr. skipulagslaga hljóði svo eftir breytingar:

„Svæðisskipulagsnefnd skal auglýsa tillögu að svæðisskipulagi með áberandi hætti og í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal vera aðgengileg á netinu.“

1. mgr. 31. gr. skipulagslaga hljóði svo eftir breytingar:

„Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal vera aðgengileg á netinu.“

1. mgr. 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða hljóði svo eftir breytingar:

„Þegar svæðisráð hefur samþykkt að auglýsa tillögu að strandsvæðisskipulagi skal hún auglýst með áberandi hætti, bæði í fjölmiðli sem gefinn er út svæðisbundið og á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Tillagan skal vera aðgengileg á netinu.“

#### **18. gr. frumvarpsins (um kynningar á tillögum að deiliskipulagsbreytingum)**

Um þá tillögu sem gerð er í 18. gr. frumvarpsins vísar Skipulagsstofnun til umsagnar stofnunarinnar dags. 8. september sl.<sup>1</sup> um áform um þessa frumvarpsmið sem skilað var í samráðsgátt stjórnvalda og umsagnar stofnunarinnar um drög að frumvarpinu dags. 2. október sl.<sup>2</sup> sem skilað var í samráðsgátt stjórnvalda.

Stofnunin leggur til að fallið verði frá þeirri tillögu sem sett er fram í 18. gr. frumvarpsins. Þess í stað verði unnið að markmiðum stjórnvalda um úrbætur í skipulagsmálum með heildstæðri úttekt á kynningar- og samráðskröfum skipulagslaga og kortlagningu möguleika á að einfalda lagaumgjörð kynningar og samráðs við skipulagsgerð og auka skilvirkni, um leið og tryggð er fullnægjandi aðkoma borgaranna að mótun skipulagsákvarðana.

<sup>1</sup> <https://samradsgatt.island.is/oll-mal/SCases/Details/?id=2748&uid=af33ebce-f0f1-ea11-9b99-005056bcce7e>

<sup>2</sup> <https://samradsgatt.island.is/oll-mal/SCases/Details/?id=2779&uid=b46a51e0-a804-eb11-9b9a-005056bcce7e>

#### **24. gr. frumvarpsins (um gildistöku ákvæða um landfræðilega gagna- og samráðsgátt)**

Samkvæmt 24. gr. frumvarpsins skal ákvæði 20. greinar um landfræðilega gagna- og samráðsgátt koma til framkvæmda 1. desember 2022. Hinsvegar er samkvæmt greinargerð með frumvarpinu gert ráð fyrir að kostnaður vegna þróunar og smíði gáttarinnar, og þar með væntanlega fjárveitingar til verksins, falli á árin 2022 og 2023. Skipulagsstofnun vekur athygli á því að eigi gáttin að vera komin í rekstur fyrir árslok 2022 mun allur kostnaður vegna þróunar og smíði hennar falla á árið 2022 eða fyrr.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir  
forstjóri